Hagtíðindi
Statistical Series

Mannfjöldi
Population

2005:3 • 7. júní 2005

# Forsjá barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 2004

## *Custody of dependent children after divorce and dissolution of consensual union 2004*

*Samantekt*

**Meðal þeirra 670 sambúðarslita sem urðu á árinu 2004 voru 397 pör með börn undir 18 ára aldri og af 552 lögskilnuðum voru 341 barnafjölskylda. Alls voru börn úr skilnuðum og sambúðarslitum 1.201. Nú er algengast að forsjá barna sé í höndum beggja foreldra eftir lögskilnað og sambúðarslit. Árið 2004 átti þetta við í 75,8% tilvika eftir sambúðarslit samanborið við 60,7% eftir lögskilnað. Í 35,5 % tilvika fór móðir með forsjá eftir lögskilnað og í 23,0% eftir sambúðarslit. Afar sjaldgæft er að faðir fari einn með forsjá.**

## Skilnaðir og sambúðarslit

*Engar breytingar hafa orðið á tíðni lögskilnaða undanfarinn aldarfjórðung*

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands voru lögskilnaðir 552 árið 2004. Sambúðarslit voru 670 en þar er átt við tilkynningu um slit formlegrar sambúðar hjá þjóðskrá. Tíðni sambúðarslita var 2,3 af 1.000 íbúum og tíðni lögskilnaða 1,9. Mynd 1 sýnir að tíðni sambúðarslita hefur verið talsvert sveiflukennd undanfarin ár, varð hæst árið 1997 (3,4) en lægst árið 2004. Tíðni lögskilnaða hefur verið mun jafnari. Á árabilinu 1961–1980 hækkaði tíðni lögskilnaða fremur ört og árið 1981 fór hún yfir 2 af 1.000 íbúum. Síðan þá hafa litlar sem engar breytingar orðið á skilnaðartíðni. Samanborið við nágrannalöndin eru skilnaðir hér fátíðir. Í Danmörku hefur skilnaðartíðni til að mynda verið á bilinu 2,7–2,8 á síðustu árum, eða nær þriðjungi hærri en hér á landi (mynd 2).

**Mynd 1. Tíðni lögskilnaða 1961–2004 og sambúðarslita 1991–2004**
*Figure 1. Divorce rates 1961–2004 and rates of dissolved consensual unions*




Hagstofa Íslands

**Mynd 2. Tíðni lögskilnaða á Norðurlöndum 1990–2004**
*Figure 2. Divorce rates in five Nordic countries 1990–2004*




**Heimild** *Source*: *Nordic Statistical Yearbook 2004* (Kaupmannahöfn, 2004), bls. 76.

## Börn úr skilnuðum og sambúðarslitum

*1.201 barn úr lögskilnuðum og sambúðarslitum árið 2004*

Meðal þeirra 670 sambúðarslita sem urðu á árinu 2004 voru 397 fjölskyldur með börn undir 18 ára aldri og úr 552 lögskilnuðum var 341 barnafjölskylda. Alls voru börn undir 18 ára aldri úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 1.201 á árinu 2004. Mynd 3 sýnir að hlutfallslega álíka mörg hjón sem skildu að lögum og pör sem slitu sambúð voru barnlaus (40,7% para úr sambúðarslitum og 38,2% hjóna). Foreldrar sem skilja að lögum eiga jafnan fleiri börn en pör sem slíta sambúð. Þannig var algengast að pör sem slitu sambúð ættu eitt barn en þeir sem skildu að lögum áttu oftast tvö börn. 39,1% þeirra sem skildu að lögum voru með tvö eða fleiri börn á framfæri sínu en einungis 21,8% þeirra sem slitu sambúð.

**Mynd 3. Fjöldi barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 2004**
*Figure 3. Number of dependent children from dissolved consensual unions and divorces 2004*



**Mynd 4. Aldur barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum 2004**
*Figure 4. Age of dependent children from dissolved consensual unions and divorces 2004*




*Börn úr sambúðarslitum yngri en börn úr lögskilnuðum*

Mynd 4 sýnir aldursdreifingu barna úr lögskilnuðum og sambúðarslitum. Allmikill munur er á aldurssamsetningu lögskilnaðarbarna og barna úr sambúðarslitum. Ljóst er að börn para sem slíta sambúð eru að jafnaði nokkru yngri en börn foreldra sem skilja að lögum. Þetta stafar af tvennu. Annars vegar því að skilnaður að borði og sæng hefur oftast átt sér stað að undangengnum lögskilnaði. Þar sem sambúðarslit eru mun einfaldari framkvæmd hefur þetta óhjákvæmilega í för með sér hærri aldur barna úr lögskilnuðum. Einnig ber að gæta þess að afar algengt er að íslenskir foreldrar eignist eitt eða tvö börn í sambúð en giftist eftir það. Um þetta má lesa í 2. tbl. *Hagtíðinda* undir efnisflokknum Mannfjöldi frá þessu ári (2005). Mun meiri líkur eru þar af leiðandi á því að foreldarar í sambúð eigi ung börn en foreldrar eldri barna séu í hjónabandi.

**Mynd 5. Forsjá barna úr lögskilnuðum 1994–2004**
*Figure 5. Custody of children after divorce 1994–2004*



**Mynd 6. Forsjá barna úr sambúðarslitum 1994–2004**
*Figure 5. Custody of children after dissolution of consensual union 1994–2004*




*Algengast að foreldrar fari sameiginlega með forsjá*

Frá því um mitt ár 1992 hafa foreldrar hér á landi átt þess kost að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað og á allra síðustu árum hefur færst í vöxt að foreldarar nýti sér þetta fyrirkomulag. Framan af var algengast að móðir færi ein með forsjá; árið 1994 átti þetta við um 70,6% barna úr lögskilnuðum og 65,3% barna úr sambúðarslitum. Það ár var sameiginleg forsjá valin í einungis 22,8% og 31,0% tilvika. Undanfarin þrjú ár hefur verið algengast að forsjá sé í höndum beggja foreldra og árið 2004 átti þetta við um 60,7% barna úr lögskilnuðum. Sameiginleg forsjá er talsvert algengari eftir sambúðarslit en eftir lögskilnað; árið 2004 var sameiginleg forsjá valin í meira en þremur af hverjum fjórum tilvikum (75,8%).

## English summary

In 2004 552 divorces occurred in Iceland. Furthermore, 670 couples reported dissolution of a consensual union to the National registry. Divorce rate was 1.8 per 1,000 population and the rate of dissolution of consensual unions 2,3. In Iceland, the divorce rate is considerably lower than in the other Nordic countries, the highest rate was reported for Denmark (2.8). Little changes have occurred in divorce rates in Iceland since the early 1980s.

61.8 per cent of all couples divorcing in 2004 had at least one dependent child and 59.3 per cent of couples reporting the dissolution of consensual were in the same position. A total of 1,201 children experienced divorce or dissolution of consensual union of their parents. Currently, it is most common that parents share the custody of their children. In the case of divorce, common custody was chosen in 60.7 per cent of all children and in 75.8 per cent of all children after dissolution of consensual union.

**Tafla 1. Lögskilnaðir og fjöldi barna úr hjónabandi l961–2004**
*Table 1. Divorces and number of dependent children 1961–2004*

| | Alls *Total* | Barnlaus hjón *Couples without children* | Hjón er eiga börn saman *Couples with children* Alls *Total* | 1 barn *child* | 2 börn *children* | 3 börn *children* | 4 börn eða fleiri *4 children or more* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Árleg meðaltöl** ***Annual means*** | | | | | | | |
| 1961–1965 | 164 | 42 | 122 | 47 | 40 | 22 | 12 |
| 1966–1970 | 219 | 54 | 165 | 66 | 55 | 32 | 12 |
| 1971–1975 | 344 | 88 | 256 | 110 | 89 | 39 | 18 |
| 1976–1980 | 407 | 128 | 279 | 142 | 90 | 36 | 11 |
| 1981–1985 | 471 | 162 | 309 | 165 | 105 | 33 | 6 |
| 1986–1990 | 487 | 159 | 327 | 159 | 128 | 37 | 4 |
| 1991–1995 | 515 | 187 | 328 | 151 | 129 | 41 | 7 |
| 1996–2000 | 509 | 188 | 321 | 142 | 127 | 43 | 9 |
| | | | | | | | |
| 1971 | 306 | 73 | 233 | 96 | 77 | 34 | 26 |
| 1972 | 319 | 89 | 230 | 110 | 59 | 45 | 16 |
| 1973 | 334 | 89 | 245 | 102 | 86 | 40 | 17 |
| 1974 | 364 | 90 | 274 | 113 | 96 | 49 | 16 |
| 1975 | 397 | 97 | 300 | 130 | 126 | 27 | 17 |
| 1976 | 383 | 116 | 267 | 138 | 80 | 40 | 9 |
| 1977 | 407 | 142 | 265 | 126 | 88 | 35 | 16 |
| 1978 | 411 | 122 | 289 | 149 | 86 | 40 | 14 |
| 1979 | 394 | 128 | 266 | 141 | 86 | 32 | 7 |
| 1980 | 441 | 133 | 308 | 155 | 111 | 34 | 8 |
| 1981 | 463 | 147 | 316 | 173 | 99 | 34 | 10 |
| 1982 | 421 | 150 | 271 | 142 | 98 | 27 | 4 |
| 1983 | 495 | 158 | 337 | 168 | 121 | 43 | 5 |
| 1984 | 449 | 166 | 283 | 154 | 98 | 27 | 4 |
| 1985 | 527 | 191 | 336 | 187 | 111 | 33 | 5 |
| 1986 | 498 | 146 | 352 | 158 | 145 | 45 | 4 |
| 1987 | 477 | 161 | 316 | 163 | 116 | 31 | 6 |
| 1988 | 459 | 133 | 326 | 153 | 134 | 35 | 4 |
| 1989 | 520 | 185 | 335 | 153 | 139 | 39 | 4 |
| 1990 | 479 | 150 | 329 | 156 | 130 | 40 | 3 |
| 1991 | 547 | 181 | 366 | 187 | 128 | 42 | 9 |
| 1992 | 531 | 196 | 335 | 143 | 140 | 48 | 4 |
| 1993 | 537 | 196 | 341 | 158 | 134 | 43 | 6 |
| 1994 | 489 | 185 | 304 | 133 | 135 | 26 | 10 |
| 1995 | 472 | 178 | 294 | 135 | 106 | 46 | 7 |
| 1996 | 530 | 190 | 340 | 167 | 127 | 37 | 9 |
| 1997 | 514 | 195 | 319 | 149 | 124 | 37 | 9 |
| 1998 | 484 | 184 | 300 | 137 | 114 | 41 | 8 |
| 1999 | 473 | 171 | 302 | 125 | 127 | 40 | 10 |
| 2000 | 545 | 201 | 344 | 133 | 141 | 59 | 11 |
| 2001 | 551 | 166 | 385 | 153 | 165 | 54 | 13 |
| 2002 | 529 | 201 | 328 | 136 | 130 | 48 | 14 |
| 2003 | 540 | 206 | 334 | 132 | 150 | 47 | 5 |
| 2004 [1] | 552 | 211 | 341 | 125 | 156 | 54 | 6 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 2. Sambúðarslit og fjöldi barna 1991–2004**
*Table 2. Dissolution of consensual unions and number of dependent children 1991–2004*

| | Sambúðarslit alls *Dissolutions total* | Barnlaus þör *Couples without children* | Þör sem eiga börn saman *Couples with children* Alls *Total* | 1 barn *child* | 2 börn *children* | 3 börn *children* | 4 börn eða fleiri *4 children or more* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Árleg meðaltöl** | | | | | | | |
| ***Annual means*** | | | | | | | |
| 1991–1995 | 679 | 238 | 442 | 328 | 91 | 19 | 3 |
| 1996–2000 | 812 | 300 | 512 | 360 | 126 | 23 | 3 |
| 1991 | 645 | 204 | 441 | 339 | 79 | 20 | 3 |
| 1992 | 613 | 210 | 403 | 303 | 85 | 12 | 3 |
| 1993 | 687 | 265 | 422 | 316 | 78 | 25 | 3 |
| 1994 | 681 | 231 | 450 | 329 | 105 | 13 | 3 |
| 1995 | 770 | 278 | 492 | 354 | 106 | 27 | 5 |
| 1996 | 806 | 314 | 492 | 347 | 119 | 24 | 2 |
| 1997 | 926 | 347 | 579 | 409 | 138 | 23 | 9 |
| 1998 | 796 | 283 | 513 | 354 | 133 | 25 | 1 |
| 1999 | 819 | 315 | 504 | 363 | 114 | 25 | 2 |
| 2000 | 714 | 243 | 471 | 329 | 124 | 17 | 1 |
| 2001 | 861 | 296 | 565 | 383 | 146 | 33 | 3 |
| 2002 | 747 | 261 | 486 | 321 | 139 | 22 | 4 |
| 2003 | 775 | 286 | 489 | 317 | 145 | 22 | 5 |
| 2004 [1] | 670 | 273 | 397 | 251 | 117 | 23 | 6 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 3. Aldur barna úr lögskilnuðum 1994–2004**
*Table 3. Age of dependent children from divorces 1994–2004*

| | Alls *Total* | Á 1. ári *In 1st year* | 1 árs *years* | 2 ára *years* | 3 ára *years* | 4 ára *years* | 5–9 ára *years* | 10–14 ára *years* | 15–17 ára *years* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** ***Total*** | | | | | | | | | |
| 1994 | 523 | 4 | 20 | 12 | 23 | 31 | 175 | 170 | 88 |
| 1995 | 513 | 7 | 11 | 30 | 29 | 34 | 190 | 164 | 48 |
| 1996 | 569 | 3 | 15 | 21 | 34 | 43 | 226 | 191 | 36 |
| 1997 | 545 | 4 | 18 | 34 | 36 | 39 | 199 | 184 | 31 |
| 1998 | 521 | 3 | 17 | 30 | 32 | 42 | 199 | 167 | 31 |
| 1999 | 540 | 5 | 11 | 21 | 30 | 45 | 194 | 180 | 54 |
| 2000 | 636 | 7 | 11 | 19 | 30 | 46 | 239 | 190 | 94 |
| 2001 | 701 | 10 | 15 | 35 | 35 | 49 | 240 | 215 | 102 |
| 2002 | 596 | 4 | 13 | 22 | 37 | 43 | 210 | 171 | 96 |
| 2003 | 593 | 1 | 19 | 23 | 25 | 38 | 213 | 196 | 78 |
| 2004 [1] | 623 | 9 | 13 | 35 | 33 | 35 | 208 | 190 | 100 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 4. Aldur barna úr sambúðarslitum 1991–2004**
*Table 4. Age of dependent children from dissolved consensual unions 1991–2004*

| | Alls *Total* | Á 1. ári *In 1st year* | 1 árs *years* | 2 ára *years* | 3 ára *years* | 4 ára *years* | 5–9 ára *years* | 10–14 ára *years* | 15–17 ára *years* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** ***Total*** | | | | | | | | | |
| 1991 | 569 | 123 | 119 | 95 | 64 | 34 | 91 | 39 | 4 |
| 1992 | 521 | 75 | 106 | 82 | 71 | 51 | 96 | 38 | 2 |
| 1993 | 559 | 95 | 117 | 106 | 59 | 45 | 101 | 31 | 5 |
| 1994 | 591 | 106 | 127 | 84 | 57 | 46 | 119 | 46 | 6 |
| 1995 | 667 | 114 | 150 | 80 | 77 | 52 | 146 | 42 | 6 |
| 1996 | 666 | 104 | 124 | 92 | 86 | 52 | 140 | 59 | 9 |
| 1997 | 790 | 126 | 135 | 109 | 93 | 67 | 199 | 52 | 9 |
| 1998 | 699 | 116 | 144 | 91 | 67 | 62 | 164 | 49 | 6 |
| 1999 | 674 | 94 | 132 | 95 | 76 | 66 | 154 | 49 | 8 |
| 2000 | 633 | 105 | 129 | 114 | 74 | 44 | 113 | 45 | 9 |
| 2001 | 787 | 135 | 158 | 105 | 73 | 59 | 163 | 78 | 16 |
| 2002 | 682 | 97 | 112 | 93 | 88 | 42 | 157 | 73 | 20 |
| 2003 | 693 | 87 | 121 | 88 | 81 | 57 | 165 | 67 | 27 |
| 2004 [1] | 578 | 69 | 106 | 79 | 47 | 54 | 125 | 69 | 29 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 5. Lögskilnaðir og forsjá barna l961–2004**
*Table 5. Divorces and dependent children by custody 1961–2004*

| | Börn alls *Children total* | Móðir fær forsjá *Custody of mother* | Faðir fær forsjá *Custody of father* | Sameiginleg forsjá *Common custody* | Aðrir fá forsjá *Custody of others* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Árleg meðaltöl** | | | | | |
| ***Annual means*** | | | | | |
| 1961–1965 | 250 | 233 | 17 | • | – |
| 1966–1970 | 326 | 308 | 18 | • | – |
| 1971–1975 | 485 | 454 | 30 | • | 2 |
| 1976–1980 | 477 | 435 | 42 | • | – |
| 1981–1985 | 497 | 444 | 51 | • | 2 |
| 1986–1990 | 553 | 492 | 61 | • | 0 |
| 1991–1995 | 561 | 442 | 38 | 79 [1] | 2 |
| 1996–2000 | 562 | 319 | 20 | 224 | 0 |
| | | | | | |
| 1971 | 468 | 436 | 25 | • | 7 |
| 1972 | 432 | 411 | 21 | • | – |
| 1973 | 472 | 446 | 26 | • | – |
| 1974 | 521 | 486 | 35 | • | – |
| 1975 | 534 | 489 | 44 | • | 1 |
| 1976 | 458 | 429 | 29 | • | – |
| 1977 | 473 | 435 | 38 | • | – |
| 1978 | 502 | 449 | 53 | • | – |
| 1979 | 438 | 398 | 40 | • | – |
| 1980 | 515 | 466 | 49 | • | – |
| 1981 | 513 | 461 | 50 | • | 2 |
| 1982 | 435 | 396 | 39 | • | – |
| 1983 | 560 | 500 | 57 | • | 3 |
| 1984 | 447 | 403 | 44 | • | – |
| 1985 | 530 | 462 | 64 | • | 4 |
| 1986 | 599 | 537 | 62 | • | – |
| 1987 | 513 | 454 | 59 | • | – |
| 1988 | 543 | 491 | 52 | • | – |
| 1989 | 564 | 493 | 69 | • | 2 |
| 1990 | 548 | 487 | 61 | • | – |
| 1991 | 606 | 533 | 67 | • | 6 |
| 1992 | 583 | 492 | 26 | 65 [1] | – |
| 1993 | 581 | 499 | 44 | 36 [1] | 1 |
| 1994 | 523 | 369 | 35 | 119 | – |
| 1995 | 513 | 317 | 18 | 176 | 2 |
| 1996 | 569 | 375 | 5 | 189 | – |
| 1997 | 545 | 311 | 20 | 214 | – |
| 1998 | 521 | 281 | 27 | 213 | – |
| 1999 | 540 | 313 | 22 | 205 | – |
| 2000 | 636 | 313 | 24 | 298 | 1 |
| 2001 | 701 | 339 | 24 | 338 | – |
| 2002 | 596 | 223 | 20 | 353 | – |
| 2003 | 593 | 217 | 15 | 361 | – |
| 2004 [2] | 623 | 221 | 24 | 378 | – |

[1] Sameiginleg forsjá er vantalin vegna ófullnægjandi flokkunar á forsjá barna. *Common custody shows too low figures due to incomplete reporting.*
[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 6. Sambúðarslit og forsjá barna 1991–2004**
*Table 6. Dissolution of consensual unions and dependent children by custody 1991–2004*

| | Börn alls<br>*Children total* | Móðir fær forsjá<br>*Custody of mother* | Faðir fær forsjá<br>*Custody of father* | Sameiginleg forsjá<br>*Common custody* | Aðrir fá forsjá<br>*Custody of others* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Árleg meðaltöl**<br>***Annual means*** | | | | | |
| 1991–1995 | 581 | 435 | 14 | 127 | 5 |
| 1996–2000 | 692 | 316 | 9 | 363 | 5 |
| | | | | | |
| 1991 | 569 | 550 | 19 | • | – |
| 1992 | 521 | 449 | 18 | 45 | 9 |
| 1993 | 559 | 454 | 10 | 92 | 3 |
| 1994 | 591 | 386 | 17 | 183 | 5 |
| 1995 | 667 | 337 | 4 | 317 | 9 |
| 1996 | 666 | 356 | 11 | 291 | 8 |
| 1997 | 790 | 378 | 15 | 394 | 3 |
| 1998 | 699 | 310 | 5 | 382 | 2 |
| 1999 | 674 | 285 | 8 | 376 | 5 |
| 2000 | 633 | 251 | 7 | 370 | 5 |
| 2001 | 787 | 243 | 13 | 531 | – |
| 2002 | 682 | 198 | 6 | 477 | 1 |
| 2003 | 693 | 184 | 6 | 503 | – |
| 2004 [1] | 578 | 133 | 4 | 438 | 3 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

Hagtíðindi
Statistical Series

**Mannfjöldi**
***Population***

90. árgangur nr. 30
2005:3
ISSN 0019–1078
ISSN 1670–4479 (pappír *paper*) • ISSN 1670–4487 (pdf)
Verð ISK 500 *Price EUR 6*
Umsjón *Supervision* Ólöf Garðarsdóttir • olof.gardarsdottir@hagstofa.is
Ásta K. Þórsdóttir • asta.thorsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*